

**Ed.**

**570. Breytingartillögur**

[28. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr. orðist svo:

1. 43. gr. staflíður h) orðist þannig:

Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

2. 43. gr. staflíður i) orðist þannig:

Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða ef nota verður skip eða flugvélar við flutningana, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist því ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km og frá kostnaði við skip eða flugvélar dragast 500 kr. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi í heimahús, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

Sé fylgd nauðsynleg greiðist fargjald fylgdarmanns og að  $\frac{3}{4}$  ef um áætlunarferð er að ræða.